

Mánudaginn 1. júlí 1985.

Nr. 118/1984. **Agnar Sigurbjörnsson**
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)
gegn

Hilmari Kr. Jacobsen
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Áskorunarmál. Fjárnámsgerð. Skuldabréf. Útivist áfrýjanda í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 13. júní 1984.

Hann krefst þess, að hin áfrýjaða áritun og hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felldar úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu áritunar og fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mörg ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal lög-reglurannsókn vegna ákæru á hendur Jóni Viðar Viðarssyni, m.a. vegna fjársvika í sambandi við veðskuldabréf það, sem um er fjallað í máli þessu, svo og dómur í máli, sem höfðað var á hendur honum vegna þeirrar ákæru.

Mál þetta er höfðað af stefnda á bæjarþingi Reykjavíkur sem áskorunarmál gegn Jóni V. Viðarssyni, Orrahólum 7 í Reykjavík, Ingibjörgu Kristinsdóttur, Vesturbraut 7 í Keflavík, og áfrýjanda með stefnu, útgefinni 16. febrúar 1984, til heimtu skuldar að fjárhæð 108.451,80 með 3,25% dráttarvöxtum frá 10. janúar 1984 til 21. janúar 1984, en með 2,50% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð og brot úr mánuði auk málskostnaðar. Í stefnu segir, að skuld þessi sé samkvæmt skuldabréfi, sem Jón V. Viðarsson hafi gefið út 5. október 1983 til stefnanda málsins, að fjárhæð 100.000,00 krónur. Áfallnir vextir til 10. janúar 1984 námu 8.451,80 krónum. Skuldabréfinu er lýst nánar og tekið fram, að þau áfrýjandi og Ingibjörg hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldinni.

Málið var þingfest á bæjarþinginu 1. mars 1984, og var þá ekki sótt þing af hálfu áfrýjanda né annarra stefndu í héraði. Var málið þá tekið til áritunar, og 16. s.m. var af Kristjönu Jónsdóttur, fulltrúa yfirborgardómara, rituð á stefnuna svofelld áritun. „Stefnukröfur máls þessa og kr. 14.150,- í málskostnað eru aðfararhæfar að liðnum 7 sólarhringum frá dagsetningardegi þessarar áritunar.“

Hinn 10. maí 1984 var gert fjárnám í eign áfrýjanda, „Faxabraut 34, Keflavík, kjallara,“ til tryggingar dómskuldinni. Áfrýjandi hefur áfrýjað bæði árituninni og fjárnáminu.

Áfrýjandi reisir sýknukröfu sína á því, að nafn Samvinnubanka Íslands h/f sem skuldareiganda hafi verið máð út á skuldabréfinu, en nafn stefnda ritað í staðinn í heimildarleysi og því sé um fölsun að ræða. Ekki var sótt þing af hálfu áfrýjanda í héraði, og var honum þó löglega stefnt. Ekki er fram komið, að forföll hafi hindrað þingsókn hans. Áfrýjandi hefur ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973, og koma málsástæður hans eigi til álita í Hæstarétti. Samkvæmt því ber að staðfesta hina áfrýjuðu áritun og fjárnámssgerð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 15.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hin áfrýjaða áritun og fjárnámssgerð eru staðfestar. Áfrýjandi, Agnar Sigurbjörnsson, greiði stefnda, Hilmar Kr. Jacobsen, 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámssgerð fógætaréttar Keflavíkur 10. maí 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 10. maí er fógætaréttur Keflavíkur settur að Faxabraut 34, Keflavík, og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta Símoni Ólasyni með undirrituðum vottum. Fyrir er tekið: mál nr. 184/1984: Hilmar Kr. Jacobsen gegn Agnari Sigurbjörnssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 áskorunarstefnu, áritaða 16/3 1984 um aðfarahæfi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Ólafur Thoroddsen hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 108.451,80 með 3,25% mánaðarv. frá 10/1'84 til 21/1'84, 2,5%

frá 21/1'84 til greiðsludags. Kr. 14.150,00 í málskostnað og samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 700,00 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, og fyrir hann mætir Jórunn Valsdóttir, eiginkona hans, sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt. Fógeti gætti leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mættu, sem er ólöglærð.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu gerir fógeti fjárnám í eign gerðarþola, Faxabraut 34, Keflavík, kjallara.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættu að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni, lokið hér.
